



## Annáll óvenjulegrar vorannar 2020

### Tölulegar upplýsingar:

Kennsla á vorönn 2020 hófst þriðjudaginn 7. janúar. Kennslu- og námsmatsdögum lauk miðvikudaginn 20. maí.

Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn 2020 var 430. Þar af var 361 nemandi í dagskóla og 69 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 59,3% nemenda voru karlar og 40,7% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 57% karlar og 43% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 71% karlar og 29% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 94 nemendur. 75 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 49 á félagsfræðibraut. 11 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum var 51 nemandi í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 19 nemendur í dagskóla og 35 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 20 nemendur í dagskóla og 19 í dreifnámi.

### Skrúddan:

Fréttabréf FVA kemur út vikulega og frá janúar 2020 var útgáfa þess með breyttu sniði. Fréttabréfið fékk nafnið Skruddan og er nú aðgengilegt öllum á vef skólans, [www.fva.is](http://www.fva.is). Tilgangur Skruddunnar er að miðla með reglubundnum hætti fréttum af því sem gerist innan skólans. Allir áhugasamir um starfsemi skólans geta gerst áskrifendur og fylgst með skólastarfinu úr fjarska.

### Nýr stofnanasamningur:

Samstarfsnefndin fundaði vikulega frá 8. janúar vegna stofnanasamnings og var strax mikill hugur í fólki að ljúka samningagerð sem fyrst öllum til hagsbóta eftir áralangt þóf. Þann 11. mars tókst að ganga frá samningi og eru í honum eru lagðar faglegar áherslur næstu ára og félagsmönnum KÍ raðað til launa en síðan er greitt skv. launatöflu sem fylgir miðlægum kjarasamningi. Samningurinn var borinn undir kennara FVA sem samþykktu hann í atkvæðagreiðslu.

### Fræðsla og fundir:

Starfsmenntaskólar landsins stóðu fyrir vinnuverndarviku 20.-24. janúar. Tilgangur vikunnar var að vekja sérstaka athygli á vinnuverndar/öryggismálum sem eru jú órjúfanlegur hluti daglegu starfi. Ýmsir fyrirlestrar voru í boði í streymi frá starfsmenntaskólunum, líka frá FVA!

Þann 3. febrúar var kennslufall vegna fræðsludags starfsfólks þriggja skóla: FVA, FS og FSU. Þessir þrískólafundir eru haldnir annað hvert ár og að þessu sinni voru FSU-ingar á Selfossi gestgjafar hópsins. Dagurinn var vel skipulagður, fyrir hádegi var boðið upp á fyrirlestra frá Jóni Torfa Jónssyni um niðurstöður rannsókna í framhaldsskólum og frá Önnu Steinsen í Kvan um samskipti og þrautseigju. Eftir ljúffengan hádegisverð hittust fagdeildir og starfshópar þvert á skóla og ræddu efni fyrirlestranna og báru saman bækur sínar.

Ýmis önnur fræðsla var í boði fyrir starfsfólk FVA á önninni, t.d.:

- Teams-fræðsla
- Kennsluáætlanir og einkunnareglur í Innu
- Hvernig á að færa efni af gömul DVD-diskum og VHS-spólum á tölvutækt form
- Fræðsla um sjálfsmat
- Notkun kennsluforrita

#### **Erlent samstarf:**

FVA er um þessar mundir þátttakandi í samstarfsverkefni með tveimur skólum á Norðurlöndum, Nilsia skolen í Kuopio, Finnlandi, og Jandelskolan í Karlskrona, Svíþjóð. Verkefnið stendur yfir frá 2019 til ársins 2021. Áhersla er lögð á norræna náttúru, útivist, menningu hverrar þjóðar og tónlist. Covid-19 setti strik í reikninginn og það verður að koma í ljós hvernig hægt verður að ljúka verkefninu.

#### **Opnir dagar:**

Opnir dagar voru haldnir 18.-19. febrúar og fóru vel fram. Aðalfyrirlesari í ár var Bergsveinn Ólafsson. Sitthvað fleira var í boði á Opnum dögum: skíðaferð, brauð- og kökubakstur, rætt um trúarbrögð og umhverfismál, farið í tölvuleiki, handavinnustund, logskurður og rafsúða, snyrtivörugerð og fótboltafótt svo fátt eitt sé nefnt.

#### **Stærðfræðikeppni grunnskólanna:**

FVA stóð fyrir stærðfræðikeppni grunnskólanna þann 21. febrúar og var það í 22. sinn sem keppnin var haldin. Tilgangur keppinnar er að efla áhuga nemenda á stærðfræði og hefur keppnin skipað sér fastan sess í skólastarfinu. Í ár voru 112 keppendur skráðir til leiks frá 7 grunnskólum á Vesturlandi. Verðlaunaathöfninni varð að fresta vegna samkomubanns en verðlaun og viðurkenningar voru sendar í pósti til keppenda.

#### **NFFA:**

Nemendafélagið NFFA stóð fyrir ýmsum viðburðum á vorönn, nýársball var haldið 16. janúar. Nemendur tóku að sjálfsögðu þátt í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna og komst lið FVA í 16 liða úrslit. Undankeppni fyrir söngkeppni framhaldsskólanna var haldin í febrúar og var það Hrönn Eyjólfsdóttir sem bar sigur úr býtum og verður hún fulltrúi FVA þegar hægt verður að halda aðalkeppnina. Árshátíð nemenda var haldin 5. mars og fór vel fram. Því miður þurfti leiklistarklúbburinn Melló að fresta frumsýningu á Dýrunum í Hálsaskógi vegna samkomubannsins, frumsýnt verður 11. september kl. 17. Félagslífið fékk eins og gefur að skilja að kenna á samkomubanninu en nemendafélagið boðaði þó til spurningakeppni á netinu sem gekk mjög vel.

Aðalstjórn NFFA á vorönn var skipuð eftirtöldum nemendum: Björgvin Þór Þórarinsson var forseti og með honum í stjórn voru þau Eyrún Sigþórsdóttir, Maron Snær Harðarson, Oddný Guðmundsdóttir, Gylfi Karlsson og Róbert Máni Gunnarsson. Eftirtaldir nemendur voru í forsvari fyrir klúbba NFFA: Garðar Snær Bragason fyrir Melló, Brynhildur Traustadóttir, Freyja María Sigurjónsdóttir og Oddný Guðmundsdóttir fyrir GEY (Góðgerðarfélagið Eynir), Oskar Wasilewski og Sóley Brynjarsdóttir fyrir Íþróttaklúbb, Kristján Steinn Matthíasson fyrir Tónlistarklúbb og Jón Hjörvar Valgarðsson fyrir Viskuklúbb.

Ný stjórn NFFA fyrir næsta skólaár var kosin á aðalfundi 6. maí. Forseti NFFA á næsta skólaári er Gylfi Karlsson og með honum í stjórn verða þau Gunnar Davíð Einarsson, Karl Ívar Alfreyðsson, Katrín María Óskarsdóttir og Ísak Örn Elvarsson. Fulltrúi nýnema í stjórn NFFA verður kosinn í ágúst.

#### **KOSS:**

Starfsmannafélagið KOSS lét ekki deigan síga á þessari önn þrátt fyrir Kófið og allt. Félagsvist var spiluð á kaffistofunni og starfsfólk hittist líka eina kvöldstund og atti kappi í Pub-quiz.

Þrjónaklúbburinn var endurvakinn og vikulegt sjósund var einnig á dagskrá. Rétt fyrir árs hátíð skall Kófið á með sínum samkomutakmörkunum og henni varð að fresta til hausts. Þrátt fyrir fjarlægðartakmörk boðaði stjórn KOSS til samveru í gegnum Teams í miðju samkomubanni þar sem hópurinn spilaði Kahoot og spjallaði saman og mæltist það vel fyrir.

#### **Tölvumál:**

Sigurjón Jónsson og félagar hans hjá Tölvuþjónustunni hafa verið okkur innan handar í tæknimálum í vetur. Innleiðing á Office 365 gekk stóráfallalaust og greiðlega gekk að vinna úr þeim hnökrum sem upp komu. Sem betur fer voru allir kennarar komnir af stað í notkun á Teams og öðrum forritum 365 þegar brast á með samkomubanni og allir þurftu að breyta kennsluháttum og hefja fjarkennslu á einni nóttu.

#### **Heilsueflingarteymi FVA:**

FVA er heilsueflandi framhaldsskóli og hér starfar sérlega öflugt heilsueflingarteymi sem hefur það hlutverk að móta og fylgja úr hlaði verkefnum sem styðja við markmið skólans um að stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði nemenda og starfsfólks. Heilsueflingarteymið hefur sent út regluleg heilsupepp til starfsfólks og nemenda og hvatt til þess að allir hugi að því að fá næga hreyfingu, næringu og svefn. Ekki veitti af slíkum heilsukempum í samkomubanninu. Skólinn tók þátt í bæði Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna með glæsibrag.

#### **Viðhaldið:**

Iðnaðarmenn hafa unnið hörðum höndum á önninni við viðhald af ýmsu tagi. B-álman (sem er frá árinu 1979) hefur fengið góða yfirhalningu og rífa þurfti innan úr þremur kennslustofum vegna rakaskemmda og endurnýja allt. Einnig voru salerni uppgerð og farið í önnur brýn viðhaldsverkefni á heimavistinni.

#### **Jafnréttisáætlun:**

Í febrúar samþykkti Jafnréttisstofa endurskoðaða og uppfærða jafnréttisáætlun FVA og gildir hún til 2023.

#### **Jafnlaunavottun:**

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að mótun jafnlaunakerfis sem nær utan um markmið, verklag, áætlanir og aðgerðir sem snúa að jafnlaunastefnu FVA og uppfylla kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012. Í lok mars varð FVA sjöundi framhaldsskólinn til að fá jafnlaunakerfið vottað. Í stuttu máli þýðir þetta að staðfest er að ákvarðanir og málsmeðferð í launamálum starfsmanna hjá FVA er fagleg og felur ekki sér beina eða óbeina kynbundna mismunun eða óútskýrðan launamun.

#### **Verknámsblaðið 2020:**

Verknámsblaðið 2020 kom út í mars, en það er kynningarrit um verknám á Íslandi. Meðal efnis voru viðtöl við tvo nemendur FVA, annars vegar við rafvirkjanema á afrekssviði og hins vegar við útskrifaðan vélvirkja sem leggur stund á viðbótarnám til stúdentsprófs.

#### **Spjaldtölvur að gjöf:**

Lionsklúbburinn Eðna á Akranesi færði starfsbraut FVA fjórar Ipad-spjaldtölvur að gjöf og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hlýhug og höfðingsskap, gjöfin er mjög vel þegin og mun koma að góðum notum.

#### **Kófið:**

Tilkynnt var um samkomubann og lokun framhaldsskóla frá 16. mars. Bannið hafði víðtæk áhrif á skólastarfið og á einni nóttu var öll kennsla sett í fjarkennsluform til annarloka. Kennarar FVA eru lausnamiðaðir, stilltu sína strengi og lögðu hart að sér við aðlaga kennsluna nýjum aðferðum og

miðlum og flestir nemendur tóku námið föstum tókum þótt það færi ekki fram í kennslustofunni eins og vanalega. Náms- og starfsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingur sinntu áfram ráðgjöf og viðtölum. Allt kapp var lagt á að koma upplýsingum á framfæri til nemenda og aðstandenda og voru ýmsir miðlar notaðir til þess. Eftir að losað var um samkomubannið 4. maí komu litlir verknámshópar í hús til að klára sín verkefni, svo og nemendur í forgangshópum. Að öðru leyti héldu nemendur og kennarar sig áfram í fjarnámsumhverfi og engin skrifleg lokapróf voru haldin í húsakynnum skólans.

Í þessum óvenjulegu aðstæðum skapaðist dýrmæt þekking hér í FVA sem við munum búa áfram yfir og ljóst að við getum brugðist allsnarlega við breyttum aðstæðum þegar þörf er á.